



## Lög Félags tónlistar Jóns Leifs, prentað 1932

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Jón Leifs – Félag tónlistar Jóns Leifs

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-2, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# FÉLAG TÓNLISTAR JÓNS LEIFS

## L Ö G

### 1. gr.

Félagið hefir varnarþing í Reykjavík og heitir á Íslandi „Félag tónlistar Jóns Leifs“, en erlendis „Jón Leifs Selskap“ eða „Jón Leifs Gesellschaft“ o. s. frv.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja útgáfur á verkum Jóns Leifs og síðar opinberan flutning þeirra.

### 3. gr.

Félagar greiða í sjóð félagsins 10 kr. árlega eða 200 kr. í eitt skifti fyrir öll, og

skulu félagsgjöld greidd fyrir Iek júnimánaðar ár hvert.

Heiðursfélaga má stjórnin kjósa með samhljóða atkvæðum.

Félagar njóta hlunninda í hlutfalli við tillag sitt og fá ókeypis eða með afslætti eintök af útgáfum og aðgang að hljómlækjum og samkomum, sem félagið styður.

Félagar bera að eins með tillagi sínu ábyrgð á skuldum félagsins.

#### 4. gr.

Framkvæmdir félagsins annast þriggja manna stjórn, og ræður afl atkvæða, nema þegar kjósa skal heiðursfélaga, sbr. 3. gr. Ef einn fer úr stjórninni, þá tilnefna hinir tveir annan í hans stað, en ef þeir verða ekki sammála, þá sker endurskoðandi félagsins úr. Stjórnin skipar endurskoðanda, sem annast eftirlit og endurskoðun félagssjóðsins. Til greiðslu úr félagssjóði þarf undirskrift tveggja manna

úr stjórninni. Stjórnin skal árlega birta eða senda félagsmönnum starfsskýrslu með ársreikningi félagsins. Stjórnarskipti verða, þegar meiri hluti félaga kys aðra stjórn, og er stjórninni ætíð skylt að láta fara fram stjórnarkosningu, ef 20 félagar senda henni skriflega áskorun um það. Stjórnin má skipa þriggja manna varastjórn sér til aðstoðar.

#### 5. gr.

Lög þessi breytast, þegar meiri hluti félaga samþykkir breytinguna, en þó skal Jón Leifs vera henni samþykkur, meðan hann er á lífi. Félaginu skal ekki slíta, ef einn tíundi hluti félaga eða Jón Leifs eða einhver erfingja hans er því mótfallinn. Verði félaginu slitið, skal ráðstafa eignum þess samkvæmt tilgangi þess.

---